



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR

2025-2040 | ENDURSKOÐUN

Skipulags- og matslýsing

Apríl 2024



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2020-2035

Skipulags- og matslýsing

Unnið fyrir:

Sveitarfélagið Skagafjörður
Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkrókur

Unnið af:

VSÓ RÁÐGJÖF

Borgartúni 20, 105 Reykjavík
www.vso.is

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Leiðarljós Skagafjarðar	2
1.2	Skipulagssvæðið	3
2	Forsendur endurskoðunar aðalskipulags	4
2.1	Íbúðpróun	5
2.2	Helstu áskoranir nýs aðalskipulags	7
2.3	Íbúðarþörf og þróun byggðar	7
2.3.1	<i>Grunnástand</i>	7
2.4	Samgöngur og innviðir	9
2.4.1	<i>Grunnástand</i>	9
2.4.2	<i>Markmið og áherslur</i>	9
2.5	Atvinna	11
2.5.1	<i>Grunnástand</i>	11
2.5.2	<i>Markmið og áherslur</i>	12
2.6	Blöndulína 3	12
2.7	Vatnsöflun	14
2.8	Efnistaka	14
3	Matslýsing aðalskipulagsvinnu	14
3.1	Tilgangur umhverfismats og matsskylda	14
3.2	Nálgun umhverfismats	14
3.3	Áhrifa- og umhverfispættir	14
3.4	Matsspurningar, gögn og viðmið	15
3.5	Vægiseinkunn umhverfisáhrifa	16
4	Tengsl við aðrar áætlanir	17
5	Skipulagsferli og kynningar	18
5.1	Umsagnaraðilar	18



1 Inngangur

Sveitarstjórn Skagafjarðar hefur samþykkt að hefja endurskoðun á aðalskipulagi Skagafjarðar. Í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er lögð fram skipulags- og matslýsing, þar sem gerð er grein fyrir helstu forsendum og áherslum komandi skipulagsvinnu, valkostum til skoðunar, nálgun umhverfismats og kynningarmálum.

Endurskoðunin er m.a. tilkomin vegna sameiningar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar 29. maí 2022 og fjölbreyttra áskorana sem felast í byggðapróun ásamt nýjum áskorunum vegna loftslagsmála.

Skipulagsvinnan mótar stefnu um hagkvæma nýtingu lands, samgöngur og gæði byggðar. Jafnframt felur skipulagið í sér mótun stefnu í umhverfismálum og hvernig skipulag getur stuðlað að kolefnishlutleysi í samræmi við markmið Íslands þar um og lög nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 var staðfest 4. apríl 2022. Nýtt aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags Skagafjarðar og Akrahrepps mun byggja á þeirri vinnu sem unnin var í tengslum við þá skipulagsvinnu og undirbúningsvinnu sem hafin var við gerð aðalskipulags Akrahrepps fyrir sameiningu sveitarfélaganna.

Á kynningartíma skipulagslýsingar er óskað eftir ábendingum, sjónarmiðum og athugasemdum frá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum, sem að gagni gætu komið í þeirri skipulagsvinnu sem framundan er. Jafnframt er leitað til lögboðinna umsagnaraðila á þessu stigi og haft samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsins.

Akrahreppur og
Sveitarfélagið
Skagafjörður sameinuðust
2022. Nýtt sveitarfélag
heitir Skagafjörður.
Skipulagslýsingin tekur til
fyrsta aðalskipulag
sveitarfélagsins.

Hvað er skipulagslýsing?

Þegar hafin er vinna við gerð aðalskipulags þarf að taka saman lýsingu á verkefninu og kynna fyrir Skipulagsstofnun, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum. Lýsing er eins konar verkáætlun um hvernig verði staðið að því að vinna nýtt aðalskipulag. Þar er gerð grein fyrir helstu forsendum fyrir vinnunni s.s. mannfjöldaspá, áskorunum, framtíðarsýn og markmiðum sem sveitarfélagið vill leggja til grundvallar skipulagsvinnunni. Þar sem það á við eru tilgreindir þeir kostir sem verða til skoðunar við að mæta markmiðum, t.d. hvar skuli byggja til að mæta íbúðarþörf, aukinn fjölbreytni í atvinnutækifærum og uppbygging innviða.

Skipulagslýsing er kynnt og mikilvægt að íbúar Skagafjarðar og aðrir hagsmunaaðilar kynni sér lýsinguna og leggi fram ábendingar og athugasemdir um það sem þeir telja að betur megi fara í upphafi vinnunnar s.s. hvað varðar forsendur, markmið, valkosti og áherslur skipulagsvinnu. Með því móti getur Skagafjörður tekið tillit til ábendinga strax í upphafi vinnunnar og uppfært verkáætlunina í samræmi við þær.

1.1 Leiðarljós Skagafjarðar

Við endurskoðun aðalskipulagsins verður tekið mið af þeim leiðarljósum og meginmarkmiðum sem sett eru fram í framtíðarsýn Skagafjarðar.

Leiðarljós í aðalskipulagsvinnunni er að leggja áherslu á hagsæld og lífsgæði fyrir íbúa í Skagafirði með þróun atvinnutækifæra og fjölbreyttra búsetumöguleika og hlúa að ríkum félagsauð í tengslum við náttúru svæðisins.

I

Fjölbreytni í búsetu

Í Skagafirði er lögð áhersla á fjölbreytni í búsetuskilyrðum og skapa skilyrði fyrir aukinn vöxt þar sem þegar eru sterkir stofnar.

II

Tækifæri í framleiðslu

Skapa aðstæður fyrir vöxt í fjölbreyttri atvinnustarfsemi með framboði af iðnaðar- og athafnasvæðum. Vöxtur atvinnuvega kallar á fjölgun íbúa og aukið framboð af íbúðarhúsnæði.

III

Sjálfbært samfélag

Skagafjörður er með fjölbreytt hráefni á landi og í sjó. Samlegð framleiðslutækni, hráefnis og flutningskerfa auka virði framleiðslunnar og skapa fjölbreytt störf. Hringrásarhagkerfi dregur úr auðlindanotkun.

IV

Fjölbreytt samfélag á traustum grunni

Í Skagafirði eru sterkir búsetu-, þjónustu- og atvinnukjarnar sem er félagslegur styrkleiki. Aðalskipulagið stuðlar að hagkvæmum vexti og dregur fram sérkenni sveitarfélagsins.

Umferðaröryggi,
heilbrigðisþjónusta
og aðgengilegar
samgöngur

Innviðir



Sjálfbær orka og
viðnámsþol gegn
loftslagsbreytingum

Loftslag



Jöfn tækifæri,
fæðuöryggi,
þekking og
atvinnuþátttaka

Samfélag




Nýting auðlinda,
vernd vistkerfa
og meðhöndlun
úrgangs

Umhverfi



1.2 Skipulagssvæðið

Endurskoðunin nær til alls lands Skagafjarðar. Landsvæði nær yfir svæðið í kringum Skagafjörð og tveggja fjallgarða, Skaga að vestan og Tröllaskaga að austan og inn til landsins í suður inn á miðjan Hofsjökul. Sveitarfélagið er fimmta stærsta sveitarfélag landsins 5.543 km² og í 14 sæti ef litið er á íbúafjölda. Sameining sveitarfélaganna tók gildi 29. maí 2022.



Mynd 1: Skagafjörður eftir sameiningu sveitarfélaganna

2 Forsendur endurskoðunar aðalskipulags

Skipulagsvinnan við endurskoðunina mun byggja á grunni gildandi aðalskipulags Sveitarfélags Skagafjarðar 2020-2035 sem og aðalskipulags Akrahrepps 2010-2022. Fyrir sameiningu sveitarfélaganna var búið að vinna Skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Akrahrepps.

Leitast verður við að framsetning nýs aðalskipulags verði skýr og sýni heildstæða mynd fyrir allt sveitarfélagið í þeim málaflokkum sem aðalskipulag fjallar um.

Megin áskoranir snúa að eftirfarandi viðfangsefnum, sem fjallað er nánar um í skipulagslýsingunni:

- Sameining Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps
- Afmörkun svæða fyrir framtíðaríbúðarbyggð
- Samgöngubætur
- Stefnumótun fyrir göngu- og hjólaleiðir
- Vegir í náttúru Íslands
- Fjölbreytt atvinnulíf, Grænir iðngarðar og sterkur landbúnaður
- Yfirferð á flokkun landbúnaðarlands
- Blöndulína 3
- Námur í sveitarfélaginu
- Athugun á nýju vatnsöflunarsvæði við Tindastól

Sameiginlegur þráður sem tengir þessi viðfangsefni eru sjálfbærni. Þá er ljóst að ákveðnir þættir í aðalskipulagi sveitarfélaganna verði óbreyttur frá því sem nú er.

Í nýju aðalskipulagi sveitarfélaganna verður framsetning aðalskipulagsins einfölduð, á þann hátt að mótuð er heildarstefna fyrir allt þéttbýli í sveitarfélaginu og landnotkun innan þess í stað þess að stefna sé fyrir hvert þéttbýli.



2.1 Íbúaþróun

Íbúar Skagafjarðar 1. janúar 2024 voru 4.393. Íbúum hefur fjölgað um 148 síðan 1. desember 2019. Íbúum Skagafjarðar fjölgaði um 1,7% árið 2023 en á landsvísu var fjölgunin 2,3%.

Samkvæmt húsnæðisáætlun 2024 spáir sveitarfélagið að íbúum fjölgi um nærri 178 manns eða 4,1% og áætluð þörf verði fyrir um 81 íbúðir á næstu 5 árum.¹ Ef sú íbúafjölgun heldur áfram út skipulagstímabilið mun íbúum fjölga um 626 manns og verða alls 5.017 talsins árið 2040 samkvæmt miðspá. Það þýðir að byggja þarf þrefalt fleiri íbúðir á ári hverju í Skagafirði eða í kringum 246 íbúðir á skipulagstímanum.


Eins og fram kemur í húsnæðisáætlun eru búið að skipuleggja 91 íbúðareiningu (einbýli-, rað-, par- og fjölbýlishús) í Skagafirði. Framboð er af skipulögðum lóðum í öllum þéttbýliskjörnum að Hólum í Hjaltadal undanskildum.

Ár	Fjöldi íbúa	Þörf á nýjum íbúðum
2024	4.393	-
2040	4.933	201


Aldurssamsetning íbúa í sveitarfélaginu er sýnd á mynd 3. Á síðastliðnum 10 árum hefur fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi þrefaldast. 1. janúar 2024 var hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda á Íslandi 16.6%.² Í Skagafirði var hlutfall erlendra ríkisborgara um 8,1 % af heildarfjölda íbúa eða 358 manns.

¹ HMS [Árleg íbúðabörf Skagafjarðar þrefaldast í nýrri húsnæðisáætlun | Húsnæðis- og mannvirkjastofnun \(hms.is\)](#)

² Hagstofa Íslands [Mannfjöldinn 1. janúar 2024 - Hagstofa Íslands](#)



Mynd 2: Fjöldi íbúa 2019 – 2024 úr Þjóðskrá og spá um íbúafjölda, m.v. Húsnæðisáætlun 2024, framreiknað út skipulagstímabilið



Mynd 3: Aldursdreifing íbúa Skagafjarðar janúar. Heimild: Þjóðskrá

2.2 Helstu áskoranir nýs aðalskipulags

Sjálfbær vöxtur	Standa vörð um að vöxtur sveitarfélagsins verði sjálfbær.
Hagkvæmur vöxtur	Við uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra og fjölgun íbúða verði hugað að hagkvæmri uppbyggingu og nýtingu nauðsynlegra innviða s.s. skólakerfis, gatna- og veitukerfis.
Fjölbreytt búsetuval	Mæta fjölbreyttri íbúða- og búsetuþörf.
Orkumál	Stefna og markmið um virkjanakosti og lagningu raflína innan sveitarfélagsins.
Samgöngukerfi	Tryggja að samgöngukerfið í sveitarfélaginu anní þörfum og góðar tengingar séu við aðliggjandi svæði.
Atvinna	Atvinnustarfsemi er fjölbreytt í sveitarfélaginu. Tryggja þarf ákveðið svigrúm þannig að unnt sé að byggja upp starfsemi innan núverandi atvinnusvæða og landbúnaðarsvæða.
Loftslagsmál	Stefnt er að kolefnishlutleysi árið 2040 og getur skipulag haft markvisst áhrif á að það markmið náist, sérstaklega hvað varðar samgöngur, skógrækt, verndun votlendis, úrgangsmál og stefnu um hvers konar atvinnustarfsemi.
Viðnámsþróttur gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga	Við yfirferð stefnu og markmiða þarf að huga að því hver viðnámsþróttur samfélagsins er gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga, s.s. hækkunar sjávarborðs, veðurvár og fleiri þátta.

2.3 Íbúðarþörf og þróun byggðar


2.3.1 Grunnástand

Það eru fimm þéttbýliskjarnar í Skagafirði. Sauðárkrókur er fjölmennastur með 2.609 íbúa í janúar 2024, í Varmahlíð voru 147 íbúar skráðir, á Hofsósi voru 156 íbúar og á Hólum í Hjaltadal 85 íbúar. Ekki liggja fyrir tölur um íbúafjölda á Steinsstöðum en þar voru 12 íbúðarhús. Í dreifbýli voru 1.279 íbúar skráðir.³

Markmið sveitarfélagsins er að tryggja framboð af fjölbreyttum húsagerðum. Algengasta búsetuformið í dag eru einbýlishús og er markmiðið að bjóða upp á einbýlishúsalóðir og jafnframt að bjóða lóðir fyrir fjölbýlishús og hagkvæmt húsnaði sem hentað getur fyrir fyrstu kaup og fyrir þau sem vilja minnka við sig.

Síðastliðin ár hafa flest ný hús verið byggð á Sauðárkróki, en markmiðið er hafa skipulagðar lóðir í boði í öllum þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins.

Íbúðarsvæði hafa einungis verið í boði í þéttbýliskjörnunum. Búseta í dreifbýli sem er ótengd landbúnaði hefur færost í vöxt á landinu en innan Skagafjarðar eru engin slík íbúðarsvæði á skipulagi. Við aðalskipulagsvinnuna verður þörfin metin innan sveitarfélagsins fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli.



³ Upplýsingar um íbúafjölda í byggðakjörnum af vef Byggðastofnunar, <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefing-efni/maelabord/ibuafjoldi-1-januar>



Samkvæmt húsnæðisáætlun 2024 er íbúðapörf talin vera 16 íbúðir á ári, það er 81 íbúð á næstu 5 árum og 201 íbúð á næstu 15 árum. Er þetta helming aukning frá fyrri húsnæðisáætlun þar sem gert var ráð fyrir þörf fyrir 3-7 íbúðir á ári. Til að tryggja megi nægjanlegt framboð af fjölbreyttu húsnæði þarf að tryggja að lóðaframboð sé nægjanlegt.

Ár	2000	2010	2023	2032	2040
Fjöldi íbúða í Skagafirði	1.586 ⁴	1.618	1.955	2.099	2.211
Íbúar í hverri íbúð	2,21	2,21	2,21	2,21	2,21

Markmið og áherslur

Tillögur að markmiðum um byggðapróun í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2025-2040 eru:

- Aðalskipulag Skagafjarðar skal mæta mismunandi þörfum fyrir íbúðir með framboði af fjölbreyttu húsnæði. Íbúðarhverfi verði skipulögð með áherslu á fjölbreyttar húsagerðir og skýr stefna verði um búsetu í dreifbýli.
- Ný íbúðarbyggð þróist í góðu samhengi og tengslum við núverandi byggð til að tryggja hagkvæma nýtingu innviða og til að stuðla að góðu aðgengi íbúa að þjónustu.
- Nýta skal vel svæði sem ekki eru fullbyggð, styrkja götummyndir með uppbyggingu óbyggðra lóða eða vannýtttra svæða innan núverandi byggðar og að viðhalda byggðarmynstri.

Að svo stöddu er talið að núverandi aðalskipulag anni íbúðarþörf í öðrum þéttbýliskjörnum að Sauðárkróki undanskildum. Til að ná settum markmiðum skipulagsins eru áherslur skipulagsvinnunnar eftirfarandi:

- **Nýtt íbúðarsvæði á Sauðárkróki:** Meta kost nýs uppbyggingarsvæðis á Nöfunum á Sauðárkróki og skoða uppbyggingarmöguleika á þéttlingarsvæðum.
- **Byggð í dreifbýli:** Móta stefnu um íbúðarsvæði í dreifbýli með tilliti til hagkvæmni og nýtingu fyrirbyggjandi innviða. Tryggja skal gæði byggðar og umhverfis.

⁴ Íbúðafjöldi samkvæmt Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035





2.4 Samgöngur og innviðir

2.4.1 Grunnástand

Skagafjörður er víðfeðmur. Sérkenni vegakerfisins í Skagafirði eru hinir löngu vegir frá norðri til suðurs, beggja vegna við fjörðinn og Vötnin, frá Skaga inn í Vesturdal að vestan og úr Fljótum inn á Kjálka og Norðurárdal að austan.

Aðalskipulag tekur til samgöngumannvirkja, s.s. vegi og götur, þ.m.t. brýr, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólreiða- og reiðstíga, flugvalla og flugbrauta, komustaður farþegaferja og önnur samgöngumannvirki.

Heildar vegalengd vegakerfis Skagafjarðar er 706 km. Hringvegurinn er 52,2 km langur innan sveitarfélagsins. Vegakerfið utan þéttbýlis skiptist í stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi.

Áningarstaðir Vegagerðarinnar eru 10 talsins. Í aðalskipulagi eru stofnvegir og tengivegir skilgreindir og lega þeirra bundin en ekki annarra vega sem eru aðeins sýndir í aðalskipulagi til skýringa.

Samkvæmt 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands skal vinna vegaskrá samhliða gerð aðalskipulags. Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 var sett fram stefna um að vinna áfram í kortlagningu og flokkun á vegum í náttúru Íslands og halda áfram með þá vinnu sem var hafin.

Huga þarf að veitum í Skagafirði, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu og tryggja að aðalskipulagið styðji við þarfir íbúa og atvinnulífs í sveitarfélaginu og tryggja að fráveitumálin verði í samræmi við kröfur um hollustuhætti og verndun vatnshlota.

2.4.2 Markmið og áherslur

Helstu markmið fyrir samgöngur og innviði eru:

- Stuðla að greiðfæru og öruggu samgöngukerfi.
- Tengja betur saman samfélag og atvinnusvæði í Skagafirði við Tröllaskaga og Eyjafjörð.
- Tryggja að vegakerfið styðji við ferðaþjónustu og þau tækifæri sem felast í henni.
- Áfram verði unnið að uppbyggingu innanhéraðsvega að innstu og ystu bæjum. Virkni eins þjónustu-, atvinnu- og félagssvæðis í Skagafirði verði aukin með nýjum veltengingum.
- Bundið slitlag verði á öllum tengivegum í lok skipulagstímabils.
- Reiðvegir verði meðfram aðalvegum. Gamlar reiðleiðir verði opnar áfram eins og kostur er.

Lengd þjóðvega er 706 km í Skagafirði

Vegir	Lengd km ⁵
Stofnvegir	218,05
Tengivegir	194,64
Héraðsvegir	201,83
Landsvegir	91,56


⁵ Vegaskrá 2023, Vegagerðin.



- Gönguleiðir í Skagafirði og milli Skagafjarðar og aðliggjandi svæða verði kortlagðar.
- Skagafirðingum verði áfram tryggt gott aðgengi að öruggum flugsamgöngum. Hafnaraðstaða útgerðar og strandflutninga verði trygg.

Í aðalskipulagsvinnu verður lögð áhersla á :

- **Stígakerfi** - Heildstætt stígakerfi innan sveitarfélagsins og innan þéttbýlis sem tryggi góðar tengingar. Stígakerfi á sveitarfélagsupprátt og þéttbýlisupprætti, sýna helstu stofnleiðir fyrir uppbyggingarmöguleika til framtíðar. Gott stígakerfi styður við sjálfbæra ferðamáta og lýðheilsu. Áhersla á öruggar þveranir og aukinn trjágróður meðfram stígum fyrir aukið skjól og fegrun umhverfis.
- **Vegir í náttúru Íslands**
Áframhaldandi kortlagning vega í náttúru Íslands í samráði við íbúa sveitarfélagsins og hagaðila.
- **Ný aðkoma að Sauðárkróki** frá Þverárfjallsvegi.
Stefnumarkandi að aðkoma að bænum liggi ekki inn á iðnaðarsvæði.

Kortlagt stígakerfi í
Skagafirði

2.5 Atvinna

2.5.1 Grunnástand

Gott atvinnuástand er í Skagafirði og atvinnuleysi hefur verið lítið síðastliðin ár. Skagafjörður býður upp á fjölbreytt atvinnulíf í landbúnaði, sjávarútvegi, ferðapjónustu, menntastofnunum, heilbrigðisþjónustu og opinberri stjórnsýslu. Ferðapjónustan er ört vaxandi atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu og töluverð uppbygging er fram undan innan hennar.

Það felast talsverð tækifæri í þeim auðlindum sem eru til staðar í sveitarfélaginu og tengjast þau m.a. landbúnaði, ferðapjónustu og aðgengi að raforku.

2.5.2 Markmið og áherslur

Tillögur að markmiðum fyrir aðalskipulagsvinnuna er að:

- Skapa fleiri ný störf í sveitarfélaginu, sem verður hægt m.a. með því að:
 - Nýta þau gæði og innviði sem fyrir eru til að byggja upp fleiri og verðmætari störf í þeim atvinnugreinum sem þegar eru ríkjandi.
 - Styðja við nýsköpun til að auka fjölbreytileika í atvinnu og fullvinna afurðir sem verða til í sveitarfélaginu.
 - Auka breidd í matvælaframleiðslu bæði í sjávarútvegi og landbúnaði.
 - Stuðla að nýrri iðnaðarframleiðslu, sem skapi fleiri störf fyrir verkafólk og stjórnendur auk þess að breikka efnahagsgrundvöll sveitarfélagsins.
 - Styðja við aukna uppbyggingu í ferðaþjónustu sem byggir á náttúru, sögu og menningu.
 - Skapa skilyrði fyrir græna iðngarða og hringrásarhagkerfi.
- Flokka landbúnaðarland í fyrrum Akrahreppi og uppfæra stefnu um landbúnaðarland í sveitarfélaginu í heild.

Þá er áfram stuðst við þau markmið sem koma fram í gildandi aðalskipulagi.

Í aðalskipulagsvinnu verður lögð áhersla á eftirfarandi þætti:


- **Landbúnaður** – flokkun landbúnaðarlands byggðar á leiðbeiningum með tilliti til hæfi til ræktunar. Í gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 var sett fram stefna um landbúnaðarland. Meta þarf hvort uppfæra þurfi stefnuna til að mæta breyttum þörfum í landbúnaði.
- **Ferðaþjónusta** – áframhaldandi stuðningur við uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Huga þarf að þolmörkum svæða, áhrifum á umhverfi og öryggi ferðamanna.
- **Efnistökusvæði** – Endurskoða þörf á efnistöku- og efnislosunarsvæðum í sveitarfélaginu í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir, sem byggja á skipulagsákvæðum í gildandi Aðalskipulagi Sveitarfélags Skagafjarðar 2020-2035.
- **Grænir iðngarða** – aðalskipulagið styðji við hverskyns uppbyggingu grænna iðngarða. Skoðaðar verða staðsetningar með góðum skilyrðum með tilliti til náttúrufars, orkuflutnings og samgangna.
- **Stefna í orkumálum** – farið yfir núverandi stefnu um virkjanakosti, hvort þörf sé á að breyta henni og hvort hún falli nægilega vel að öðrum stefnum skipulagsins s.s. atvinnu og náttúruvernd.

2.6 Blöndulína 3

Blöndulína 3, 220 kV raflína, er í gildandi aðalskipulagi afmörkuð skv. svokallaðri Héraðsvatnaleið. Var sú leið valin að undangengnum ítarlegum samanburði við aðrar leiðir og ákveðnum skilyrðum sem sveitarfélagið setti fyrir vali á leiðinni, sem fólst m.a. í því að hægt verði að leggja hluta hennar í

jörðu, og að Blöndulína 2 og Rangárvallalína 1 yrðu lagðar í jörðu. Nú hefur komið fram sú niðurstaða í umhverfismati Landsnets⁶ að eingöngu sé mögulegt að leggja 3 km Blöndulínu 3 í jörðu og að slíkt myndi m.a. takmarka að unnt verði að leggja Sauðarkrókslínu 1 í jörðu. Auk þess liggur fyrir nýtt umhverfismat fyrir Blöndulínu 3 og í kjölfar þess hefur Landsnet lagt fram aðalvalkost, sem er svokölluð Kiðaskarðsleið. Hluti aðalvalkosts er lagning um 15,9 km langs, 132 kV jarðstrengs, úr fyrirhuguðu tengivirki við Mælifellsá, í núverandi tengivirki í Varmahlíð.

Áhersla skipulagsvinnunnar er að bera saman ofangreinda valkosti og leggja fram endurskoðaða stefnu um Blöndulínu 3 í Skagafirði.



Blöndulína 3, skv. aðalvalkosti Landsnets (Heimild: Umhverfismatsskýrsla Blöndulínu 3)

Ef líklegt er að vinna við nýtt aðalskipulag tefjist er mögulegt að sveitarstjórn ákveði að vinna að Blöndulínu 3 sem stakri breytingu. Hún mun fylgja sömu kröfum um framsetningu, kynningar og afgreiðslu eins og nýja skipulagið.

⁶ [Umhverfismatsskýrsla Blöndulínu 3, Landsnet \(2022\)](#)

2.7 Vatnsöflun

Í skipulagsvinnu verður kannaður fýsileiki þess að skilgreina nýtt vatnsöflunarsvæði við Tindastól. Slíkt svæði getur m.a. nýst sem framtíðarvatnsból fyrir Sauðárkrók.

2.8 Efnistaka

Í skipulagsvinnu verður farið yfir námur í sveitarfélaginu og tilgreindar nýjar námur í samræmi við þörf. Byggir þörfin m.a. á byggðapróun og einstökum framkvæmdum s.s. Blöndulínu 3 og vegaf framkvæmdum. Í skipulagi verður afmarkað efnistökusvæði, skilgreind stærð og heimild til efnistöku, auk skilmála um frágang.

3 Matslýsing aðalskipulagsvinnu

3.1 Tilgangur umhverfismats og matsskylda

Endurskoðun aðalskipulags Skagafjarðar er háð lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt lögunum skal taka saman umhverfismatsskýrslu sem gerir grein fyrir niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum skipulagsins og forsendum þess. Tilgangur umhverfisskýrslu er að upplýsa almenning, hagsmunaaðila, umsagnaraðila og þá sem bera ábyrgð á áætluninni um hvaða áhrif tiltekið skipulag getur haft á umhverfið og leggja til aðgerðir og vöktun til að draga úr umhverfisáhrifum og fylgjast með þróun umhverfisþátta.

Umhverfismatið felur í sér að skoða helstu áhrifaþætti sem fylgja skipulags-tillögunni, skilgreina umhverfisþætti sem kunna að verða fyrir áhrifum og leggja mat á umfang og vægi áhrifa. Ef niðurstaða umhverfismatsins gefur tilefni til verða skilgreindar mótvægisáðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir umhverfisáhrif auk þess sem lagt verður fram yfirlit yfir vöktun og eftirfylgni ákveðinna umhverfisþátta.

3.2 Nálgun umhverfismats

Vinna við umhverfismat aðalskipulags Skagafjarðar fer fram samhliða vinnu við mótn aðalskipulagstillögunnar. Þannig er tekið mið af umhverfis-sjónarmiðum við allar ákvarðanir. Til skoðunar verða valkostir sem taka bæði til stefnu og ákveðinnar landnotkunar.

Við mat á umfangi áhrifa verður litið til laga sem eiga við, stefnu og áætlana stjórnvalda, markmiða og framtíðarsýnar Skagafjarðar og heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna.

Umhverfismatið mun leggja áherslu á þær mögulegu stefnubreytingar sem verða í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Grunnur að matinu er umhverfismat aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035.

Almennt byggja valkostir á að bera saman tillögur að nýrri stefnu við þær sem eru í gildi s.s. um legu Blöndulínu 3, afmörkun nýrra íbúðarsvæða og atvinnusvæða, aðkomu stofnvegar að Sauðárkróki og ýmis konar skilmálar.

3.3 Áhrifa- og umhverfisþættir

Helstu áhrifaþættir skipulagsins eru taldir vera eftirfarandi:

- Þróun byggðar: Þétting byggðar og ný svæði tekin undir byggð hefur margvísleg áhrif. Byggð tekur til alls húsnæðis, þ.e. bæði íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði.
- Samgöngur: Uppbygging eða breyting á samgöngukerfi hefur margvísleg áhrif.
- Blöndulína 3. Leiðaval hefur áhrif á margvíslega umhverfisþætti.
- Ný efnistökusvæði, sem mun hafa bein áhrif á staðbundna umhverfisþætti og oftast er um varanleg áhrif að ræða.
- Verndun og takmarkanir á landnotkun mun hafa áhrif á nýtingu svæða.
- Loftslagsmál: Orkuskipti í samgöngum, með sérstakri áherslu á rafvæðingu í vegasamgöngum. Átak í kolefnisbindingu þar sem skógrækt og landgræðsla gegna lykilhlutverki.

3.4 Matsspurningar, gögn og viðmið

Umhverfisþættir	Matsspurningar	Viðmið og gögn
Byggðapróun, byggðamynstur og atvinna	<ul style="list-style-type: none"> • Nær tillagan þeim markmiðum sem sett eru fyrir þróun byggðar. • Stuðlar tillagan að gæðum byggðar? • Stuðlar tillagan að fjölbreyttu framboði húsnæðis? • Hvaða áhrif hefur tillagan á gæði hins byggða umhverfis, ásýnd og yfirbragð? • Eru byggð svæði örugg gagnvart breytingum vegna loftslagsáhrifa og annarrar náttúruvár? • Hver eru líkleg áhrif framkvæmda á atvinnulíf og samfélag í Skagafirði? 	<p>Skipulagslög nr. 123/2010 sbr. markmið um skynsamlega og hagkvæma nýtingu lands og landgæða með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.</p> <p>Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 Landsskipulagsstefna 2015-2026 sbr. markmið 3.2 Sjálfbært skipulag þéttbýlis. 3.3 Gæði hins byggða umhverfis.</p>
Samgöngur	<ul style="list-style-type: none"> • Styður tillagan við markmið um greiðfærar og öruggar samgöngur? • Hverjar verða breytingar á umferð? • Hefur breyting áhrif á ferðatíma og ferðavegalengdir? 	<p>Samgönguáætlun Landsskipulagsstefna 2015-2026, sbr. markmið 3.5 um sjálfbærar samgöngur. Samgönguáætlun 2020-2034, og Samgönguáætlun 2024- 2038 (í vinnslu). Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 Aðalskipulag Akrahrepps 2010-2022.</p>
Náttúrfar, vatnafar og lífríki	<ul style="list-style-type: none"> • Hvers konar svæði fer undir mannvirki? Nýtur það verndar, er það óraskað? • Hvers konar vistgerðir eru á svæðum þar sem breytingar verða á skipulagi? Verða áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika? • Hefur framkvæmd áhrif á gæði vatnshlota? 	<p>Lög um náttúruvernd og lög um stjórn vatnamála. Samningur um líffræðilega fjölbreytni. Skýrsla um stjórn vatnamála, vatnavefsja og umhverfismarkmið. Vistgerðarkortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands (vefsjá). Umhverfismatsskýrsla Blöndulínu 3 Umhverfisskýrsla Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035</p>
Menningarminjar	<ul style="list-style-type: none"> • Hefur skipulagstillaga áhrif á fornleifar og/eða menningarminjar? • Hefur skipulagstillaga áhrif á verndarsvæði í byggð? 	<p>Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Fyrirliggjandi fornleifaskráningar (aðalskipulag, deiliskipulag og framkvæmdir). Umhverfismatsskýrsla Blöndulínu 3 Umhverfisskýrsla Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035</p>

Umhverfisþættir	Matsspurningar	Viðmið og gögn
Landslag, ásýnd og byggða-mynstur	<ul style="list-style-type: none"> Verða miklar breytingar á ásýnd og yfirbragði Skagafjarðar? 	Umhverfismatsskýrsla Blöndulínu 3 Umhverfisskýrsla Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035
Landnýting	<ul style="list-style-type: none"> Hver er landþörf mannvirkja og byggðapróunar? Kvers konar land fer undir þróun byggðar? Röskuð eða óröskuð svæði? Fer landbúnaðarland undir mannvirkni? 	Kortlagning lands í Skagafirði.
Heilsa og öryggi	<ul style="list-style-type: none"> Hverjar eru helstu breytingar á hljóðvist og loftgæðum vegna breytingar á umferð? Verða breytingar á öryggi vegfaranda? 	Hreint loft til framtíðar – Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029, sbr. markmið um að draga úr svifryksmengun. Reglugerð um hávaða nr. 724/2008, sbr. markmið og kröfur um hljóðstig. Umhverfisskýrsla Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035
Loftslagsmál	<ul style="list-style-type: none"> Mun skipulagstillagan leiða til aukinnar eða minnkunar á losun frá umferð og/eða frá landnotkun? Hvert er kolefnisspor nýrra mannvirkja í skipulaginu? 	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Stefnumörkun í loftslagsmálum 2007-2050 og aðgerðaráætlun í loftslagsmálum til 2030– Byggðaáætlun 2022-2036 þar sem áhersla er lögð á innviði og B.11 Fluggáttir. Landsskipulagsstefna 2015-2026, sbr. markmið 3.7 Náttúruvá og loftslagsbreytingar.
Náttúruvá	<ul style="list-style-type: none"> Hver er staða byggingarsvæða eða nýrrar landnotkunar með tilliti til náttúruvá? 	Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.3.2.18 um náttúruvá. Fyrirliggjandi gögn um flóðasvæði miðað sjávarflóð, 25 ára og 200 ára flóð í Héraðsvötnum. Landsskipulagsstefna 2015-2026, sbr. markmið 3.7 Náttúruvá og loftslagsbreytingar. Fyrirliggjandi gögn fagstofnana um náttúruvá s.s. Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands.

3.5 Vægiseinkunn umhverfisáhrifa

Í matsvinnunni eru verulega neikvæð áhrif skilgreind ef eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við: Áhrif eru varanleg, skapa hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið, ná til stórs svæðis og/eða fjölda fólks, gengur gegn stefnumiðum stjórnvalda, lögum og reglum, alþjóðlegum samningum eða öðrum áætlunum sem í gildi eru.

Á sama hátt eru áhrif metin sem verulega jákvæð, ef þau eru varanleg, eru til bóta fyrir heilbrigði og umhverfið, ná til stórs svæðis og/eða fjölda fólks, falla að og eru í samræmi við stefnu stjórnvalda, lög og reglur.

Ef umhverfisáhrif eru talin verulega neikvæð er kannað hvort unnt sé að draga úr áhrifum með mótvægisaðgerðum eða hvort þörf sé á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

Í þeim tilvikum þar sem óvissa er um eðli og umfang umhverfisáhrifa er gerð grein fyrir óvissu og hvort hún sé háð útfærslu á stefnu aðalskipulagsins á síðari stigum s.s. við gerð deiliskipulags eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Vægi áhrifa eru sett fram á eftirfarandi hátt:

Tákn	Lýsing
++	Líkleg veruleg jákvæð áhrif
+	Líkleg jákvæð áhrif
0	Engin eða óveruleg áhrif
-	Neikvæð áhrif
--	Líkleg veruleg neikvæð áhrif
/	Óvissa eða óþekkt áhrif

4 Tengsl við aðrar áætlanir

Í skipulagsvinnu verður litið til margvíslegra opinbera áætlana, m.a.:

- Landskipulagsstefna 2024-2028
- Byggðaáætlun 2022-2036
- Kerfisáætlunar Landsnets 2023-2032
- Húsnæðisáætlun 2024 fyrir Skagafjörð
- Heimsmarkið Sameinuðu þjóðanna
- Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030

Auk þess verður horft til fleiri áætlana sem fjallað var um í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru 17 með alls 169 undirmerkmum. Dæmi um markmið sem gætu tengst aðalskipulagsvinnu Skagafjarðar eru:

Nr.	Undirmerkið heimsmarkmiða
6.3	Vatnsgæði bætt með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna.
6.5	Stjórnun vatnsauðlinda samþætt á öllum sviðum?
6.6	Unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi.
8.2	Aukin framleiðni í atvinnulífinu með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun.
9.1	Traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir.
10.3	Tryggt verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, m.a. með stefnumörkun.
11.1	Öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og að grunnþjónusta standi öllum til boða.
11.2	Öruggar og sjálfbærar samgöngur á viðráðanlegu verði.
11.3	Sjálfbær fjölgun í þéttbýli. Íbúar taki meira þátt í skipulagsmálum og samkomulagi um sjálfbærni.
14.1	Draga úr og koma í veg fyrir mengun sjávar.
15.3	Leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg.
15.4	Vistkerfi í fjallendi vernduð, m.a. líffræðileg fjölbreytni þeirra.



5 Skipulagsferli og kynningar

Á kynningartíma skipulags- og matslýsingar er óskað eftir ábendingum, sjónarmiðum og athugasemdum frá íbúum og öðrum hagaðilum, sem að gagni gætu komið í þeirri skipulagsvinnu, sem fram undan er. Jafnframt er leitað til lögboðinna umsagnaraðila á þessu stigi, þ.m.t. Skipulagsstofnunar, um umfang og áherslur skipulagsvinnu og umhverfismats.

Hér fyrir neðan er eingöngu gerð grein fyrir helstu skrefum í mótun endurskoðaðs aðalskipulags en áfangaskipting vinnunnar miðast við opinberar kynningar samkvæmt skipulagslögum:

- Áherslur og fyrirkomulag endurskoðunar kynnt í **skipulags- og matslýsingu**, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Skipulags- og matslýsing verður auglýst í fjölmiðlum, send til skilgreindra hagsmunaaðila og gerð aðgengileg í skipulagsgáttinni. Gefinn verður ákveðinn frestur á að koma með ábendingar og athugasemdir: **Mái 2024**.
- **Drög að skipulagstillögu** ásamt drögum að umhverfismatsskýrslu, kynnt opinberlega (sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög nr. 111/2021). Haldinn verður opinn fundur sem auglýstur verður í fjölmiðlum. Drögin verða send áður til skilgreindra hagsmunaaðila. Drögin verða gerð aðgengileg á vefnum áður en kemur til opinberrar kynningar: **Október 2024**
- **Samþykkt tillaga**, ásamt umhverfismatsskýrslu, send til athugunar hjá Skipulagsstofnun.
- **Tillaga að endurskoðun Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035**, ásamt umhverfismatsskýrslu, auglýst og óskað formlega eftir umsögnum og athugasemdum. Tillaga kynnt í 6 vikur og óskað eftir skriflegum athugasemdum (sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010). Gögn aðgengileg í skipulagsgátt: **Nóvember–Desember 2024**. Afgreiðsla tillögu að lokinni auglýsingu: **Janúar 2025**.

5.1 Umsagnaraðilar

Í skipulagsvinnu verður leitað samráðs og umsagnar hjá lögbundnum umsagnaraðilum, sem eru m.a.:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Vegagerðin
- Land og Skógur
- Landsnet
- Orkustofnun
- Aðliggjandi sveitarfélög: Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Húnabyggð Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur,
- Ferðamálastofa
- Samgöngustofa
- Hafrannsóknarstofnun
- Hrunamannahreppur og Bláskógarbyggð.
- Náttúrufræðistofa Norðurlands vestra
- Landvernd